

Vorfundur Gammadeildar 6. júní 2016

Vorfundur Gammadeildar var haldinn í Árbæjarsafni kl. 17 hinn 6. júní 2016. Gammakonur fengu leiðsögn um tvær sýningar safnsins fyrir fundinn. Fyrri sýningin nefnist Neyslan þar sem sett eru fram sýnishorn af neysluvörum Íslendinga á mismunandi tímabilum 20. aldar. Margar konur könnuðust við matvörur og áhöld frá fyrri búskaparárum sínum eða foreldra sinna. Seinni sýningin nefnist Hjáverk þar sem sýnd eru dæmi um vinnuframlög kvenna, oft ólaunuð, á ólíkum tímabilum 20. aldar.

Gammakonur söfnuðust síðan saman í Dillonshúsi þar sem formaður setti formlegan fund kl. 18. Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Edda Pétursdóttir, Edda Vikar, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir skólastjóri, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Soffía Sveinsdóttir og Stefanía Arnórsdóttir.

Fundurinn hófst með sameiginlegri máltíð, kjötsúpu, en síðan hófst aðalfundur. Fráfarandi formaður, Kristín Bjarnadóttir, stakk upp á Björk Einisdóttur sem fundarstjóra og var það samþykkt einróma. Formaður flutti skýrslu stjórnar um starfstímabilið 2014–2016. Skýrslan, sem fylgir með sem viðauki fundargerðarinnar, var borin upp og samþykkt með lítilsháttar athugasemd. Gjaldkeri, Ragnhildur Þórarinsdóttir, kynnti reikninga deildarinnar áritaða af skoðunarmanni, Ingibjörgu Jónasdóttur. Reikningarnir voru einnig bornir upp og samþykktir. Formaður uppstillingarnefndar, Guðný Helgadóttir, kynnti tillögur um nýja stjórn fyrir starfstímabilið 2016–2018. Stungið var upp á Ingibjörgu Einarsdóttur sem formanni. Tillögur gerðar um aðrar konur í stjórn voru um Eddu Pétursdóttur, Helgu Thorlacius og Mariu Pálmadóttur. Tillögurnar voru samþykktar með lófataki. Skorað var á Ingibjörgu Jónasdóttur að sinna áfram starfi skoðunarmanns reikninga enda hafði gjaldkeri hrósað henni fyrir nýja uppsetningu reikninga. Ingibjörg varð góðfúslega við þeirri áskorun. Gjaldkeri bar fram tillögu um hækkun á árgjaldi úr 12 000 kr. í 13 000 kr. undir liðnum Önnur mál. Tillagan var samþykkt. Síðan fóru af stað umræður um hækkun í 14 000 kr. sem fékk nokkrar undirtektir en ákveðið var að standa við fyrri samþykkt. Árgjaldið í Gammadeild verður því 13 000 kr á starfstímabilinu 2016–2018.

Nýkjörinn formaður, Ingibjörg Einarsdóttir, kvaddi sér hljóðs. Hún þakkaði fráfarandi stjórn starfið á liðnu tímabili og færði stjórnarkonum eina rós hverri. Fráfarandi stjórn vildi einnig óska nýkjörinni stjórn til hamingju og færði hverri nýrri stjórnarkonu rós. Ennfremur þakkaði formaður meðstjórnendum sínum, gjaldkera, uppstillingarnefnd og skoðunarmanni reikninga með rós. Þá var Pálínu Jónsdóttur og Rannveigu Sigurðardóttur og Sigríði Jónsdóttur færðar rósir fyrir langt og farsælt starf. Stefaníu Arnórsdóttur voru færðar árnaðaróskir í tilefni af sjötugsafmæli hennar í mars 2015 með fögru ljóði sem skráð var á kort ásamt rós. Nú var borið fram kaffi, te og kaka.

Björk Einisdóttir og Ingibjörg Einarsdóttir fluttu Dýraljóð eftir Kristján Hreinsson þar sem Gammakonur mynduðu talkór af einlægri gleði og kátínu. Að lokum sungu konur saman nokkur lög úr sönghefti sem tekið hafði verið saman í tilefni af vorferð 2015. Ráðskonu Dillonshúss og aðstoðarkonu hennar voru færðar rósir og síðan sleit formaður síðasta fundi starfstímabilsins 2014–2016 laust fyrir kl. 20.

Skýrsla um starf Gammadeildar 2014–2016

Stjórn Gammadeildar var kosin á vorfundi deildarinnar 2014. Formaður var kjörin Kristín Bjarnadóttir og aðrar stjórnarkonur skiptu með sér verkum. Björk Einisdóttir er varaformaður, Svana Friðriksdóttir ritari og Kristín Jónsdóttir meðstjórnandi. Ragnhildur Þórarinsdóttir hefur starfað með stjórninni sem gjaldkeri. Félagskonur voru 40 í upphafi starfstímabilsins 2014–2016. Fjórar konur höfðu þá bæst við hópinn á síðasta aðalfundi. Þær hafa allar tekið virkan þátt í starfi deildarinnar og við fögnum góðri viðbót við hópinn okkar. Ein kona lést á tímabilinu, Rannveig Löve, og við minnumst hennar með söknuði. Tvær konur hafa ekki getað sótt fundi sökum veikinda og ein sökum búsetu fjarri höfuborgarsvæðinu.

Stjórn Gammadeildar valdi að beina athygli á starfstímabilinu að konum sem hafa sýnt frumkvæði og tekist á hendur leiðtogahlutverk. Að baki lágu miklar breytingar á íslensku menntakerfi á tímabilinu frá miðjum sjöunda áratugnum og fram undir 1980. Ný lög um háskóla 1971 og grunnskólalög, sett árið 1974, breyttu sviðinu, gagnfræðaskólar hurfu en aðrar námsleiðir urðu til. Aldargamlir skólar eins og Kvennaskólinn í Reykjavík og Flensborgarskólinn fengu nýtt hlutverk og nýir skólar voru stofnaðir um allt land. Upp úr þessum jarðvegi uxu glæsilegar konur, sem hafa valist til forystu á mörgum sviðum.

Við helguðum fyrsta fundinn í september menningu og listum bæði haustin 2014 og 2015. Fyrri árið sóttum við heim Hönnunarsafnið í Garðabæ í boði Hörpu Þórsdóttur safnstjóra sem leiddi okkur um sýninguna Frú forseti. Steinunn Þórarinsdóttir skúlptúrlistamaður tók á móti okkur á vinnustofu sinni haustið 2015. Báðar konurnar sögðu okkur frá námsferlum sínum og störfum.

Á jólafundunum 2014 og 2015 fengum við í heimsókn konur sem hafa getið sér gott orð innan lands og utan fyrir ritstörf sín, þær Yrsu Sigurðardóttur á heimili Bjarkar Einisdóttur og Auði Övu Ólafsdóttur á heimili Svönu. Þær lásu upp úr bókum sínum og sátu fyrir svörum.

Þrjár Gammakonur kynntu störf sín fyrir okkur. Við heimsóttum Soffíu Sveinsdóttur í Menntaskólann við Hamrahlíð í mars 2015 þar sem hún sagði okkur frá alþjóðlega IB-náminu sem þar er rekið, International Baccalaureate. Anh Dao Tran kynnti fyrir okkur doktorsrannsókn sína á heimili sínu í Kópavogi í nóvember 2015 og Árný Elíasdóttir kynnti fyrirtæki sitt Attentus á heimili sínu í Fossvogi ásamt samstarfskonu sinni, Ingunni Björk Vilhjálmsdóttur í febrúar 2016.

Við kynntum okkur aldargamlar en síungar stofnanir og hreyfingar sem hafa endurnýjast í tímans rás. Kvennaskólinn í Reykjavík, sem fagnaði 140 ára afmæli, var sóttur heim í október 2014. Ingibjörg Guðmundsdóttir, skólameistari sagði okkur frá því hvernig skólinn hefði verið í fararbroddi við að taka upp nýja námskrá fyrir framhaldsskóla. Í febrúar 2015 kynnti Ólafur Proppé fyrir okkur menntunarhlutverk skátaheyfingarinnar á Íslandi sem fagnaði aldarafmæli árið 2012. Kristín Ástgeirsdóttir sagði okkur frá aðdraganda kosningarréttar kvenna í október á afmælisárinu 2015 í Háaleitissskóla, Hvassaleitisstarfsstöð. Vigdís Jónsdóttir skjalavörður Alþingis tók á móti okkur í Alþingishúsinu í janúar 2016. Hún sagði okkur frá námi sínu og starfi og starfsemi Alþingis og Vilhjálmur Bjarnason alþingismaður sýndi okkur húsakynni þingsins.

Við heimsóttum fjórar konur sem standa fyrir blómlegum einkafyrirtækjum. Þær kynntu sjálfar sig, náms- og starfsferil og sögðu okkur frá starfsemi fyrirtækja sinna sem voru eins ólík og þau voru mörg. Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri VÍS tók á móti okkur í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Ármúla í nóvember 2014, Aðalheiður Héðinsdóttir eigandi Kaffitárs tók á móti okkur í Kruðerí Kaffitárs í Kópavogi í janúar 2015. Guðrún Bjarnadóttir kynnti fyrir okkur Ullarselið í Andakíl í maí 2015 og Halldóra Hreggviðsdóttir tók á móti okkur í fyrirtæki sínu Alta í Ármúla í mars 2016.

Gammakonur sáu um umgjörð vorþings Landssambands Delta Kappa Gamma hinn 30. apríl undir umsjón Ingibjargar Einarsdóttur og Maríu Pálmadóttur. Gamma-systir okkar, Anh-Dao Tran, var ein sex fyrirlesara á þinginu. Erindi hennar fjallaði um stöðu nemenda af erlendum uppruna í framhaldsskólum á Íslandi.

Það hefur verið einkar ánægjulegt að fræðast um störf Gammasystra sjálfra í kynningum þeirra og tjáningu þeirra í orðum til umhugsunar um það sem þeim liggur á hjarta. Við ættum að vinna enn meir og betur að því að Gammasystur komi sjónarmiðum sínum á framfæri. Of fáar hafa getað sagt frá alþjóðlegu starfi sem þær hafa tekið þátt í. Vonandi verður unnt að bæta það upp á næsta starfstímabili. Jafnframt því að sumar okkar eru að ljúka löngum og farsælum starfsferli eru aðrar að feta sig áfram við nýjar áskoranir í nýjum störfum. Ég vil nota tækifæri hér með og óska Kristínu Jónsdóttur til hamingju með nýja starfið sem skólastjóri Barnaskóla Hjallastefnunnar á Vífilstöðum. Kannski á hún eftir að segja okkur frá því síðar.

Ég þakka öllum félagskonum fyrir samstarfið og góð samskipti, og þá vil ég sérstaklega nefna þær sem gert sér þá fyrirhöfn að taka á móti okkur og þær sem hafa kynnt starf sitt fyrir okkur eða flutt orð til umhugsunar. Ég lýk máli mínu á að þakka innilega samstarfskonum mínum í stjórn

deildarinnar fyrir einstaka hjálpsemi og vinsemd. Án þeirra hefði starfið alls ekki gengið eins vel. Hafið heila þökk fyrir veturinn og starfstímabilið allt.

Kristín Bjarnadóttir

Formaður Gammadeildar 2014–2016.